

## REGLUR

### um meistaranám við Háskóla Íslands í umhverfis- og auðlindafræðum.

#### 1. gr.

##### *Gildissvið.*

Reglur þessar gilda um meistaranám í umhverfis- og auðlindafræðum við Háskóla Íslands (H.Í.). Námið er þverfaglegt og skipulagt sameiginlega af þeim háskóladeildum sem aðild eiga að því.

Reglur um námið eru sérreglur gagnvart ákvæðum 68. gr. reglna nr. 458/2000, fyrir Háskóla Íslands, og reglum einstakra deilda um framhaldsnám. Sameiginlegar reglur H.Í. og reglur deilda gilda þó eftir því sem við á ef þessar reglur hafa ekki að geyma ákvæði um einstök tilvik. Fyrirvarar deilda í reglum og kennsluskrá um fjárveitingar, fánlegt kennaralið og slík atriði gilda gagnvart þeim nemendum sem skráðir eru í námið.

#### 2. gr.

##### *Markmið.*

Meistaránám í umhverfis- og auðlindafræðum er þverfaglegt nám sem miðar að því að veita fræðilega menntun á ýmsum sviðum er snerta umhverfismál og nýtingu auðlinda.

Með náminu skal koma til móts við þarfir samfélagsins um rannsóknir, þjónustu og stefnumótun sem tengist umhverfismálum og sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda og efla þekkingu á þessum sviðum.

#### 3. gr.

##### *Um námið.*

Námið er skipulagt og stundað í umboði þeirra háskóladeilda sem aðild eiga að því, án tillits til fjölda skráðra nemenda frá viðkomandi deild. Aðild að náminu felur í sér að viðkomandi deild er bundin af reglum þessum, svo og af samkomulagi um námið, sbr. 2. mgr.

Samstarfsdeildir gera með sér samkomulag um framkvæmd námsins og þróun þess. Í því skal kveða á um hvaða deild hefur umsjón með náminu, fjármögnun þess og önnur atriði sem lúta að fjárhagslegum samskiptum.

Umsjónardeild annast umsýslu námsins, s.s. upplýsingagjöf til nemenda, tilkynningar, frágang kennsluskrár og slík atriði. Nánar skal kveðið á um í samkomulagi deilda hvert hlutverk umsjónardeildar er.

Við inntöku í námið skal eftir því sem við verður komið, höfð hliðsjón af reglum þeirrar deildar þar sem rannsóknarverkefni (ritgerð) nemandar er unnið eða meginhluti náms hans fer fram, enda skal nemandinn skráður í þá deild og brautskrást þaðan. Liggi ekki fyrir við hvaða deild rannsóknarverkefnið verði unnið skal nemandi fyrst um sinn vera skráður í umsjónardeild, en skal síðan breyta skrásetningu sinni og vera skráður hjá þeirri deild þar sem meginhluti náms fer fram, enda fallist sú deild á flutninginn, sbr. c-lið 2. mgr. 6. gr.

#### 4. gr.

##### *Stjórn námsins.*

Rektor skipar stjórn meistaranáms í umhverfis- og auðlindafræðum til þriggja ára í senn. Hver háskóladeild sem aðild á að náminu tilnefnir einn fulltrúa af sinni hálfu í námsstjórn og að auki skipar rektor formann stjórnarinnar án tilnefningar. Með tilnefningu í námsstjórn öðl-

ast viðkomandi háskóladeild aðild að náminu með þeim réttindum og skyldum sem henni fylgja.

Námsstjórn ber faglega ábyrgð á náminu í umboði þeirra deilda sem aðild eiga að því. Námsstjórn fer með öll sameiginleg málefni námsins, skipuleggur það og hefur yfirumsjón með því.

Námsstjórnin tryggir gæði námsins m.a. með því að yfirfara og samþykkja umsóknir, samþykkja námsáætlanir og breytingar á þeim, skipa menn í meistaranámsnefndir og tilnefna prófdómara fyrir meistarapróf.

Falli atkvæði jöfn við atkvæðagreiðslu í stjórn sker atkvæði formanns úr.

#### 5. gr.

##### *Umsóknarfrestur.*

Umsóknarfrestur er til 15. mars fyrir innritun á haustmisseri en til 15. september fyrir innritun á vormisseri. Stjórn námsins getur veitt undanþágu frá þessum tímasetningum ef sérstaklega stendur á.

#### 6. gr.

##### *Meðferð umsókna.*

Umsóknum merktum „Umhverfis- og auðlindafræði“ skal skilað til skrifstofu umsónardeildar. Námsstjórn fjallar um umsóknir og ber að líta til gæða þeirra og inntökuskilyrða. Stjórnin afgreiðir umsóknir og tilnefnir umsónarkennara. Umsókn skal fylgja námsáætlun, þ.m.t. listi yfir fyrirhuguð námskeið. Breytingar á námsáætlun eru háðar samþykki námsstjórnar.

Ferli umsókna um meistaranám í umhverfis- og auðlindafræði er eftirfarandi:

- a) Stúdent sækir um inngöngu í meistaranám á sérstöku eyðublaði sem fæst á deildaskrifstofum H.Í. Umsókninni er skilað til skrifstofu umsónardeildar sem skráir hana og sendir til námsstjórnar.
- b) Greint skal frá því hvort umsækjandi hyggst sækja um fjárstuðning í tengslum við námið (t.d. til Rannsóknánámsjóðs, fyrirtækja eða stofnana). Liggi fyrir drög að umsókn til sjóða skulu þau fylgja umsókn um meistaranám. Sé rannsóknarverkefni unnið utan deilda Háskóla Íslands skal fylgja með yfirlýsing fyrirtækis eða stofnunar sem verkefnið er unnið hjá. Þessi yfirlýsing skal staðfesta þátttöku fyrirtækis eða stofnunarinnar í verkefninu.
- c) Námsstjórnin sendir umsókn til viðkomandi deildar með beiðni um að nemandinn hljóti skrásetningu til námsins við deildina. Deild ber að verða við slíkri beiðni nema mjög veigamikil rök eða sérreglur deildar (sbr. 1. gr.) hamli skrásetningu. Að fenginni staðfestingu á skrásetningu afgreiðir deildin umsóknina og sendir tilkynningu þar að lútandi til nemendaskrár.
- d) Afgreiðslu umsóknar skal að jafnaði vera lokið og henni svarað skriflega innan sex vikna frá móttöku. Umsókn er synjað ef hún uppfyllir ekki gæðakröfur.
- e) Nemandi sem námsstjórnin hefur samþykkt í meistaranám skal snúa sér til nemendaskrár og ganga frá skráningu sinni í námið og greiðslu skrásetningargjalds. Skráning vegna náms á haustmisseri skal fara fram í síðasta lagi 31. júlí, en 30. október fyrir nám á vormisseri.

## 7. gr.

*Inntökuskilyrði.*

Til að innritast í meistaranám í umhverfis- og auðlindafræðum þarf að hafa lokið B.S.- eða B.A.-prófi eða öðru háskólanámi sem metið er jafngilt fyrsta háskólaprófi eða sýnt fram á námshæfni og/eða hæfni í sjálfstæðum rannsóknum. Námsstjórnin metur próf frá öðrum skólum en H.Í. Viðkomandi deild getur sett frekari skilyrði fyrir innritun.

## 8. gr.

*Einingafjöldi og tímalengd náms.*

Nám í umhverfis- og auðlindafræðum er 60 einingar. Miðað skal við að lengd námsins sé tvö ár (fjögur misseri). Við brautskráningu skal stúdent sýna fram á að hann hafi verið skráður og greitt skráningargjald allan námstímann, eða samkvæmt nánari reglum sem H.Í. kann að setja.

## 9. gr.

*Námsleiðir, framvinda og samsetning náms.*

Námið skal fela í sér þjálfun í vísindalegum vinnubrögðum og þátttöku í námskeiðum á framhaldsnámsstigi. Þungamiðja námsins er rannsóknar- eða þróunarverkefni innan umhverfis- og auðlindafræða og ritgerð sem byggist á því. Stærð verkefnisins er ákveðin í námsáætlun og skal vera minnst 15 einingar en mest 30 einingar. Aðrar einingar fást með þátttöku í námskeiðum, málstofum eða lesnámskeiðum.

Allir nemendur þurfa að hafa lokið tilteknum skyldunámskeiðum, þ.e. skyldukjarna, til að útskrifast með M.S.- / M.A.-gráðu í umhverfis- og auðlindafræðum við H.Í. Námskeið í skyldukjarna eru tilgreind í kennsluskrá. Hafi nemandi við innritun þegar lokið námi sem er sambærilegt tilteknu námskeiði í skyldukjarna getur námsstjórn samþykkt að valnámskeið sé tekið í þess stað.

Við lok fyrsta misseris skal nemandi hafa valið sér leiðbeinanda fyrir rannsóknarverkefni og veitir umsjónarkennari aðstoð við valið. Þá skal einnig liggja fyrir lýsing á rannsóknarverkefni og áætlun um framkvæmd þess. Námsstjórn samþykkir lýsinguna og áætlunina.

## 10. gr.

*Námskeið í grunnnámi sem hluti af framhaldsnámi.*

Námskeið í framhaldsnámi skulu að jafnaði vera sérstök framhaldsnámskeið við H.Í. eða aðrar viðurkenndar stofnanir. Nemendum í meistaranámi í umhverfis- og auðlindafræðum er heimilt að taka námskeið í grunnnámi sem hluta af framhaldsnámi, enda sé það nauðsynleg undirstaða hins þverfaglega náms. Miðað skal við að námskeið úr grunnnámi nemi ekki fleiri einingum en 10 af 60. Miðað skal við að lágmarkseinkunn úr námskeiðum í grunnnámi sé 6,0.

## 11. gr.

*Umsjónarkennari og leiðbeinandi.*

Sérhver meistaranemi skal frá upphafi náms hafa umsjónarkennara úr hópi fastra kennara H.Í. í viðkomandi deild, sbr. 3. gr., sem hann ráðfærir sig við um skipulag námsins, val námskeiða og leiðbeinanda með rannsóknarverkefni, ef við á, og annað sem tengist náminu. Umsjónarkennari ásamt nemanda leggur fram námsáætlun sem stjórn námsins samþykkir. Umsjónarkennari og leiðbeinandi eru að jafnaði sami maðurinn. Nemandi er heimilt að hafa utanaðkomandi leiðbeinanda enda uppfylli hann kröfur þessara reglna. Nú eru umsjónarkennari og leiðbeinandi ekki sami einstaklingurinn og hefur umsjónarkennari umsjón með

náminu og er ábyrgur fyrir því að það sé í samræmi við kröfur viðkomandi deildar, en leiðbeinandi sér um að leiðbeina nemanda í rannsóknarverkefni.

## 12. gr.

*Kröfur til umsjónarkennara og leiðbeinenda.*

Umsjónarkennari skal vera fastráðinn kennari (lektor, dósent eða prófessor) í viðkomandi deild. Nú er leiðbeinandi ekki fastur kennari og er þá nauðsynlegt að hann hafi a.m.k. lokið meistaraþrófi á viðkomandi fræðasviði. Gæta þarf þess að verkefni nemandans sé á sérsviði leiðbeinandans.

## 13. gr.

*Meistaránámsnefndir.*

Námsstjórnin skipar þrjú sérfróða menn í meistaránámsnefnd, þar á meðal eru leiðbeinandi og umsjónarkennari. Hlutverk nefndarinnar er að fylgjast með að framgangur námsins sé í samræmi við námsáætlun, svo og að tryggja fagleg gæði rannsóknavinnunnar í samræmi við reglur. Meistaránámsnefnd heldur reglulega fundi með nemandanum og skilar árlegri skýrslu um framvindu námsins til námsstjórnarinnar.

Námsstjórnin getur vikið frá ákvæði 1. mgr. ef sérstaklega stendur á.

## 14. gr.

*Prófdómarar.*

Námsstjórnin tilnefnir prófdómara. Prófdómari og meistaránámsnefnd prófa meistaranema og leggja mat á lokaverkefnið. Prófdómari skal ekki vera tengdur rannsóknarverkefninu.

## 15. gr.

*Námsmat og meistaraþróf.*

Þegar ritgerð er lögð fram skal jafnframt leggja fram til mats staðfest námsferilsyfirlit nemandanda. Um einkunnir gilda ákvæði samkvæmt reglum fyrir Háskóla Íslands.

Í meistaraþrófi flytur nemandi opinberan fyrirlestur um lokaverkefnið en að honum loknum er nemandinn prófaður. Prófdómari, ásamt meistaránámsnefnd, meta frammistöðu nemandanda og úrskurða hvort nemandi hafi staðist prófið.

## 16. gr.

*Skil og frágangur meistararitgerða.*

Meistaraprófsritgerð skal leggja fram í þremur eintökum fyrir meistaraprófsnefnd og prófdómara minnst þremur vikum fyrir áætlaðan prófdag. Við frágang lokaverkefna og meðferð heimilda skal nemandi fylgja reglum þeirrar deildar sem hann brautskráist frá. Koma skal skýrt fram að verkefnið sé unnið innan umhverfis- og auðlindafræða og við þá deild sem nemandinn brautskráist frá. Geta skal þeirra sjóða sem styrkt hafa verkefnið, ef það á við. Ritgerð skal vera á íslensku eða ensku en útdráttur á báðum tungumálum skal fylgja.

## 17. gr.

*Tengsl við aðra háskóla.*

Hluta meistaránáms má taka við aðra háskóla eða viðurkenndar rannsókn- eða vísindastofnanir.

## 18. gr.

*Lærdómstitill.*

Meistarapróf samkvæmt þessum reglum veitir rétt til lærdómstilsins *Magister Artium* (M.A.) eða *Magister scientiarum* (M.S.) í umhverfis- og auðlindafræðum eftir því frá hvaða deild nemandi brautskráist.

## 19. gr.

*Gildistaka o.fl.*

Þessar reglur sem hafa verið samþykktar af viðkomandi háskóladeildum og hafa einnig hlotið staðfestingu háskólaráðs, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands og 68. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi.

Auk birtingar í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við 1. mgr. 20. gr. laga nr. 41/1999, skal birta reglurnar í kafla þverfaglegs náms í kennsluskra og á heimasíðu umsjónardeildar.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Með gildistöku reglna þessara tekur námsstjórn þverfaglegs meistaranáms í umhverfis- og auðlindafræðum við skipulagi og umsjón þverfaglegs meistaranáms í umhverfisfræðum og sjávarútvegsfræðum, sbr. 8. gr. reglna nr. 827/2001, um Umhverfisstofnun H.Í., og 8. gr. reglna nr. 823/2001, um Sjávarútvegsstofnun H.Í.

*Háskóla Íslands, 25. febrúar 2005.*

**Páll Skúlason.**

*Dórður Kristinsson.*